

Halldór Friðrik Þorsteinsson

Ég er fæddur 1967, og lauk námi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands 1993 og heimspeki 1995. Mitt fyrsta starf eftir nám var tímabundið sölustarf hjá Lífeyrissjóðnum Einingu sem Kaupþing hleypti af stokkunum 1994. Ég starfaði sem verðbréfamiðlari hjá Kaupþingi í Reykjavík, Lúxemborg og New York 1995-2003. Tók löggildingarpróf til verðbréfamiðlunar 1998 og fékk réttindi sem verðbréfamiðlari í New York 2000. Árið 2004 stofnaði ég verðbréfamiðlunina H.F. Verðbréf hf. sem síðar fékk aukið starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki og tók hæfispróf sem framkvæmdastjóri. Árið 2009 setti ég Kelduna á flot sem upplýsingasíðu fyrir fjármálamarkaðinn en seldi hana til Kóða 2013. Ég seldi H.F. Verðbréf 2015 og hef undanfarið verið stjórnarformaður í Stokki Software sem framleiðir smáforrit og ég er einnig hluthafi í Alfreð atvinnumiðlun og Kind Sheep ehf. sem á hlut í Aur ehf.